

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2011

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með tölvupósti allsherjarnefndar tillaga til þingsályktunar um uppstokkun réttarkerfisins og millidómstig 140. löggjafarþing 2011–2012, 72. mál.

Þann 8. október 2010 héldu Ákærendafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands sameiginlegan fund um hugsanlega stofnun millidómstigs á Íslandi. Þessi félög sendu í kjölfarið erindi til ráðuneytisins þar sem skorað var á ráðherra að beita sér fyrir stofnun millidómstigs í einkamálum og sakamálum.

Í framhaldi af þessari áskorun skipaði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra vinnuhóp til að fylgja erindinu eftir. Starfshópur þessi skilaði skýrslu í júní 2011 og telur fulla ástæðu til að taka undir áskorun félaganna um að taka upp millidómstig hér á landi. Ekki var einhugur um það innan vinnuhópsins hvort rétt væri að taka upp millidómstig bæði í sakamálum og einkamálum en hluti hópsins taldi meiri þörf á slíku í sakamálum en hluti hans taldi rétt að taka slíkt upp í hvoru tveggja.

Ákærendafélagið telur með vísan til framangreindrar vinnu og þess ferils sem málið hefur farið í ekki ástæðu til að taka afstöðu til þingsályktunartillögunnar. Það er þó bent á það að í tillögunni er ekki gert ráð fyrir að haft verði samráð við Ákærendafélag Íslands og lögfræðingafélag Íslands, heldur eingöngu félög dómara og lögmanna. Slíkt er að áliti félagsins ófullnægjandi.

F.h. Ákærendafélags Íslands,



Helgi Magnús Gunnarsson formaður